# Á róló



1 2 3 4 5

Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt þyngdarflokkun Menntamálastofnunar, sjá *Listi yfir lestrarbækur* á vefsíðu.

# Ó, ó, mús



Lilli sá mús.
Lilli sá mús á róló.

Ó, ó, ó, sagði Lilli.
Mús, mús, mús.

Sísí sá mús.
Mús, mús, sagði Sísí.

Hvar eru Lilli og Sísí? Á hvað er Lilli að benda?
Heldur þú að Lilli sé hræddur við músina? Hvað er músin að gera?

# Mús á róló

Lilli sá Mímí
og mús á róló.



Og Mímí sá mús.

Ekki, Mímí, ekki, Mímí,
sagði Lilli.



Hverjir eru á róló? Hvað er kisa að gera? Hvert ætli músin sé að fara?
Hvað ætli Lilli sé að hugsa?

Á Mímí mús?
sagði Lilli.

Mímí á ekki mús,
sagði Sísí.



Á Ari mús? sagði Lilli.

Ari á ekki mús,
Ari á Mímí.

Hvernig er veðrið? Hver heldur á kisu? Af hverju heldur Ari á kisu?
Í hvernig skapi er kisa?

# Rólur á róló

Sísí, má mús róla?
sagði Lilli.

Mús má ekki róla,
sagði Sísí.

Mímí má róla.
Og Lilli má róla.





Hvað eru Ari og Sísí að gera? Hvernig er húsið á litinn?
Hvert er músin að hlaupa? Af hverju?

Ari og Mímí
róla í rólu.

Lilli og Sísí
róla í rólu.

Mús rólar ekki.



Hvar sitja krakkarnir? Hvað heitir kisan hans Ara? Kunna kisur að róla?
Hvað eru margir gluggar á húsinu?

# Mála og lúra



Málum, Sísí,
sagði Ari.

U-u-u, mamma.

Sísí má ekki mála
og Ari má ekki mála,
sagði Lilli.



Hvað eru krakkarnir að gera? En mamma?
Hvernig líður Lilla? Af hverju? Hvað sérðu á borðinu?




Mamma, má Lilli
ekki lúra? sagði Ari.

Lilli má lúra,
sagði mamma.

U-u-u-u, ekki lúra,
sagði Lilli.

Hver liggur uppi á skáp? Hvernig ætli Mímí líði?
Hvað þýðir að lúra?

# Í rúmi

Lilli á rúm.
Mímí lá í Lilla rúmi.



Mímí má lúra
og Lilli má lúra.

Lilli og Mímí lúra í rúmi.
Mímí malar og malar.



Hvar liggur Mímí? Hver á rúmið? Af hverju fór Lilli að lúra?
Hvað er að mala? Hvernig líður kisum sem mala?

## Nokkur orð um notkun bókar

Æskilegt er að nemandi og kennari/foreldri skoði bókina saman áður en lesturinn hefst og ræði efni hennar m.a. út frá titli, myndum og kaflaheitum. Leggja skal áherslu á að nota orðin sem koma fyrir í textanum. Það auðveldar barninu lesturinn. Neðst á hverri blaðsíðu eru nokkrar spurningar sem styðjast má við. Gagnlegt er að ræða þær áður en hver síða er lesin.

Á vef Menntamálastofnunar eru verkefnablöð með sögunni.

# Á róló

Lestrarbók 3a

ISBN 978-9979-0-2518-4
© 2003 Arnheiður Borg og Sigrún Löve
© 2003 Birna Steingrímsdóttir

Ritstjórn: Sylvía Guðmundsdóttir
Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2003
önnur prentun 2004
þriðja prentun 2020
Menntamálastofnun
Kópavogi

Útlit, setning og umbrot: Námsgagnastofnun
Prentun: Litróf ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

3a



# Listin að lesa og skrifa



Lestrarkennsluefnið Listin að lesa og skrifa er fyrir byrjendur í lestri og byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð. Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur, örbækur, lestrarspil, kennsluleiðbeiningar og verkefni á vef.

Í þessari bók eru bókstafirnir **ú**, **m** og **ó** sérstaklega æfðir auk orðmyndanna **ekki** og **sagði**.

Höfundar texta eru
Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Teikningar gerði Birna Steingrímsdóttir.

MENNTAMÁLASTOFNUN
40259